

***BORGARSTJÓRN 19. júní 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir í húsnæðismálum - R18060134***

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skipuleggja lóðir á hagkvæmum svæðum, s.s. Örfirisey, BSÍ reitnum, Keldum og Úlfarsárdal. Gert verði ráð fyrir 6.000 íbúðum á þessum svæðum. Borgin beiti sér fyrir því að byggingarskilmálar verði með þeim hætti að kostnaður við byggingarnar verði í lágmarki. Þá beiti hún sér enn fremur fyrir því að afgreiðslutími skipulagssviðs og byggingarfulltrúa verði stytur umtalsvert frá því sem verið hefur. Á þessar lóðir verður ekki lagt sérstakt innviðagjald.

**Greinargerð**

Í Reykjavík hefur orðið til húsnæðiskreppa á síðustu fjórum árum. Íbúar Reykjavíkur hafa flutt í önnur sveitarfélög í vaxandi mæli þrátt fyrir mikið hagvaxtarskeið. Til marks um það fækkaði á kjörskrá í Reykjavík um 354 manns. Húsnæðisverð hefur hækkað um 50% á síðustu fjórum árum. Í meirihlutasáttmálanum eru engin mælanleg markmið í lóðamálum. Til þess að mæta uppsafnaðri þörf er mikilvægt að fara í þessar aðgerðir strax.